

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2008/EES/27/05

frá 20. desember 2004

þar sem kveðið er á um tímabundna markaðssetningu tiltekins fræs af tegundinni *Secale cereale* sem fullnægir ekki kröfum tilskipunar ráðsins 66/402/EBE (*)

(tilkynnt með númeri C(2004) 5027)

(2004/893/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EB frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns⁽¹⁾, einkum 17. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

5) Rétt er að Lettland sé samræmingaraðili til þess að tryggja að heildarmagn fræs, sem leyft er samkvæmt þessari ákvörðun, fari ekki yfir það hámarks magn sem fellur undir þessa ákvörðun.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1) Í Lettlandi er ekki til nægilegt magn fræs af vetraryrkjum rúgs (*Secale cereale*) sem hentar veðurskilyrðum þar og fullnægir kröfum tilskipunar 66/402/EBE að því er varðar skaðlegar lífverur *Claviceps purpurea* og fullnægir þar af leiðandi ekki þörfum þess aðildarríkis.

2) Ekki er unnt að mæta þessari eftirspurn svo vel sé með fræjum þessarar tegundar frá öðrum aðildarríkjum eða þriðju löndum, sem stenst allar kröfur sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/402/EBE.

3) Því ber að veita Lettlandi heimild til að leyfa að fræ þessarar tegundar sé markaðssett með vægari kröfum á tímabili sem lýkur 30. nóvember 2004.

4) Þar að auki skal, án tillits til þess hvort fræinu hefur verið safnað í aðildarríki eða þriðja landi, sem fellur undir ákvörðun ráðsins 2003/17/EB frá 16. desember 2002 um jafngildi akurskoðana sem gerðar eru í þriðju löndum í frærækt og jafngildi fræs sem framleitt er í þriðju löndum⁽²⁾, heimila öðrum aðildarríkjum, sem eru í aðstöðu til að útvega Lettlandi fræ af þessari tegund, að leyfa markaðssetningu slíks fræs.

Markaðssetning fræs af vetraryrkjum rúgs í Bandalaginu, sem uppfyllir ekki kröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/402/EBE að því er varðar skaðlegar lífverur *Claviceps purpurea*, skal leyfð á tilteknu tímabili sem lýkur 30. nóvember 2004, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í viðaukanum við þessa ákvörðun og með eftirfarandi skilyrðum:

a) hámarksfjöldi drjóna eða drjónabrota í 500 gr sýni af fræi í flokknum „stofnfræ“ eða „vottað fræ“ er 15,

b) á opinbera merkimiðanum skal tilgreina þann fjölda drjóna eða drjónabrota *Claviceps purpurea* sem hefur verið staðfestur í opinberri prófun sem fer fram skv. d-lið í E-hluta 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 66/402/EBE,

c) fræið skal í fyrsta sinn hafa verið sett á markað í samræmi við 2. gr. þessarar ákvörðunar.

2. gr.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 375, 23.12.2004, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 95/2005 frá 8. júlí 2005 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, 13.10.2005, bls. 11.

⁽¹⁾ Stjtið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2309/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjtið. ESB L 165, 3.7.2003, bls. 23).

⁽²⁾ Stjtið. EB L 8, 14.1.2003, bls. 10. Ákvörðuninni var síðast breytt með ákvörðun 2003/403/EB (Stjtið. ESB L 141, 7.6.2003, bls. 23).

Allir fræsalar, sem óska eftir því að setja fræ á markað sem um getur í 1. gr., skulu sækja um það til þess aðildarríkis þar sem þeir hafa staðfestu.

Hlutaðeigandi aðildarríki skal heimila fræsalanum að setja fræið á markað nema:

- a) fyrir hendi séu nægar vísbendingar til að efast um að fræsalinn geti sett á markað það magn af fræi sem hann hefur sótt um leyfi fyrir eðab) heildarmagnið, sem er leyft að markaðssetja samkvæmt viðkomandi undanþágu, fari yfir það hámarks magn sem er tilgreint í viðaukanum.

3. gr.

Aðildarríkin skulu veita hvert öðru stjórnsýsluðstoð við beitingu þessarar ákvörðunar. Lettland skal vera samræmingaraðildarríki til þess að tryggja að heildarmagnið, sem leyfið tekur til, fari ekki yfir það hámarks magn sem er tilgreint í viðaukanum.

Öll aðildarríki, sem fá umsókn skv. 2. gr., skulu þegar í stað tilkynna samræmingaraðildarríkinu um það magn sem umsóknin tekur til. Samræmingaraðildarríkið skal þegar í stað upplýsa tilkynningarríkið um hvort leyfisveiting leiðir hugsanlega til þess að farið verði yfir hámarks magnið.

4. gr.

Aðildarríkin skulu þegar í stað tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um það magn sem þau hafa veitt markaðsleyfi fyrir samkvæmt þessari ákvörðun.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. desember 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Tegund	Yrki,	Hámarks magn (tonn)
<i>Secale cereale</i>	Kaupo, Puhovčanka, Valdai	800